



Samþykktir

fyrir Lífeyrissjóð bænda

byggðar á lögum nr. 129/1997,
um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi
lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

Lífeyrissjóður bænda
28. september 2018



Samþykktir

1. Nafn sjóðsins og heimili.

- 1.1. Sjóðurinn heitir Lífeyrissjóður bænda. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. Hlutverk sjóðsins.

- 2.1. Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt gildandi lögum og ákvæðum samþykkta þessara.
- 2.2. Lífeyrissjóðurinn starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997, og tryggir þau lágmarksréttindi sem þar greinir.
- 2.3. Lífeyrissjóðurinn skal ekki hafa með höndum aðra starfsemi en þá sem nauðsynleg er til að sinna hlutverki sínu og er ekki heimilt að inna af hendi framlög í öðrum tilgangi.

3. Deildaskipting.

- 3.1. Við sjóðinn er starfandi ein deild:

A-deild, sem er sameignardeild. Í A-deild greiðast lögboðin eða samningsbundin iðgjöld, sbr. gr. 10.1 og 10.2

- 3.2. Samkvæmt gr. 4.9. í samþykktum sjóðsins og lögum nr. 129/1997 um lífeyrissjóði er stjórn sjóðsins heimilt að semja við aðila sem uppfylla skilyrði 3. mgr. 8. gr. nefndra laga um rekstur tilgreindrar séreignar og á 20. grein aðeins við um lífeyrissparnað í séreign skv. lögum nr. 129/1997, í samþykktum þessum nefnd tilgreind séreign.

4. Sjóðfélagar.

- 4.1. Sjóðfélagi er sá sem greitt er fyrir, greiðir eða hefur greitt iðgjald til lífeyrissjóðsins og á hjá honum réttindi.
- 4.2. Sjóðurinn er starfsgreinasjóður bænda og maka þeirra sem starfa að búrekstri. Bóni, þar með talinn aðili að félagsbúi, einkahlutafélagi eða öðru lögformlegu búrekstrarformi, telst sá er stundar búskap á lögbýli þar sem hann á lögheimili. Aðild að sjóðnum er jafnframt öllum opin sem náð hafa 16 ára aldri fyrir lok næsta almanaksmánaðar á undan. .

- 4.3. Ef maki bónda er ekki aðili að búrekstri og á ekki sjálfsagða fulla aðild að öðrum lífeyrissjóði er sjóðstjórн skylt að veita honum aðild að þessum sjóði óski viðkomandi þess skriflega.
- 4.4. Launþegar, er starfa við landbúnað, skulu vera sjóðfélagar, enda hafi þeir náð 16 ára aldri fyrir lok næsta almanaksmánaðar á undan.
- 4.5. Óheimilt er að neita manni um aðild að lífeyrissjóðnum á grundvelli heilsufars hans, aldurs, hjúskaparstöðu, fjölskyldustærðar eða kyns. Sé launamanni samkvæmt lögum skylt að vera félagi í öðrum lífeyrissjóði, veitir hlutaðeigandi starf ekki rétt til þátttöku í þessum sjóði.
- 4.6. Heimilt er stjórн sjóðsins að veita bændum, sem stunda búrekstur utan lögbýla svo og bændum sem ekki eiga lögheimili á bújörðum sínum, aðild að sjóðnum.. Þá getur sjóðstjórн heimilað sjóðsaðild mökum og sambúðaraðilum þeirra aðila, er um ræðir í þessari málsgrein.
- 4.7. Heimilt er að flytja iðgjöld og þar með réttindi sem þeim fylgja milli lífeyrissjóða þegar að töku lífeyris kemur. Aðild að sjóðnum fellur niður ef sjóðfélagi fær útborguð réttindi sín í einu lagi eða þau flytjast samkvæmt samskiptareglum lífeyrissjóða í annan lífeyrissjóð.
- 4.8. Sjóðfélagar sem eru launþegar og sjóðfélagar sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi geta greitt til sjóðsins iðgjald til tilgreindrar séreignar.
- 4.9. Stjórн sjóðsins er heimilt að bjóða sjóðfélögum og öðrum aðilum samninga um viðbótartryggingavernd og séreignarsparnað í samræmi við lög nr. 129/1997 og gera samninga við þá aðila sem uppfylla skilyrði 3. mgr. 8. gr. nefndra laga um einstaka þætti viðbótartryggingaverndar og rekstur séreignadeilda.

5. Stjórн og framkvæmdastjóri.

- 5.1. Stjórн sjóðsins skal skipuð fimm mönnum kjörnum á ársfundi sjóðsins til fjögurra ára í senn. Einn stjórnarmaður skal kosinn á ári, í fyrsta sinn á ársfundi sjóðsins 2019 þó þannig að fjórða hvert ár skal kjósa tvo, í fyrsta sinn 2020. Varamenn í stjórн skulu vera tveir. Einn varamaður skal kosinn á ársfundi sjóðsins annað hvert ár til fjögurra ára í senn í fyrsta sinn á ársfundi sjóðsins 2019. Þó skal á ársfundi 2019 kjósa tvo varastjórnarmenn, annan til tveggja ára og hinn til fjögurra ára. Tryggja skal að kynjahlutföll í stjórн og varastjórн séu í samræmi við ákvæði laga. Pess skal gætt við stjórarkjör að hverju sinni verði í stjórн fullnægjandi sérþekking á sviði fjármála-, rekstrar- og lagaumhverfis og skulu að minnsta kosti tveir stjórnarmana vera þessum kostum búnir. Allir sjóðfélagar hafa jafnan atkvæðisrétt við stjórarkjör.
- 5.2. Um almennt hæfi stjórnarmana til setu í stjórн lífeyrissjóð fer samkvæmt gildandi lögum á hverjum tíma, nú, 31. gr. laga nr. 129/1997, með síðari breytingum.
- 5.3. Stjórnin sjóðsins skiptir sjálf með sér verkum og kýs sér formann. Stjórnin skal setja sér starfsreglur, hún skal halda gerðarbók og rita í hana allar samþykktir

sínar. Til þess að samþykkt sé lögmæt, þarf meirihluti stjórnarmanna að greiða henni atkvæði. Stjórnarfundur er ályktunarhæfur ef meirihluti stjórnarmanna er mættur eða varamenn í þeirra stað. Viðhafa skal leynilega atkvæðagreiðslu ef einn eða fleiri stjórnarmenn krefjast þess.

- 5.4. Stjórn sjóðsins fer með yfirstjórn hans. Stjórnin skal fjalla um allar meiriháttar ákvarðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi. Hún skal annast um að nægjanlegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna sjóðsins. Stjórn sjóðsins ræður framkvæmdastjóra, ákveður laun hans og önnur starfskjör og setur honum starfsreglur. Stjórn sjóðsins skal móta innra eftirlit lífeyrissjóðsins og skjalfesta eftirlitsferla. Stjórn sjóðsins ræður forstöðumann endurskoðunardeildar eða semur við sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila um að annast ytri og innri endurskoðun. Stjórn sjóðsins skal móta fjárfestingarstefnu hans og setja reglur um upplýsingagjöf framkvæmdastjóra til stjórnar um rekstur, iðgjöld, réttindaávinnslu og ráðstöfun eigna sjóðsins. Þá skal stjórnin setja verklagsreglur um verðbréfaviðskipti lífeyrissjóðsins, stjórnar hans og starfsmanna og skulu þær staðfestar af Fjármálaeftirlitinu. Sé fjárvörslu ekki útvistað, sbr. 9.7., skal lífeyrissjóðurinn hafa í þjónustu sinni starfsmann sem hæfur er til að sinna eignastýringu verðbréfasafna sjóðsins á grundvelli menntunar sinnar og starfsreynslu og skal hann hafa staðist próf í verðbréfaviðskiptum í samræmi við 53. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálaufyrirtæki, sbr. 4. mgr. 34. gr. laga nr. 129/1997, um skylduttryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.
- 5.5. Stjórnin veitir og afturkallar prókúruumboð til handa framkvæmdastjóra og öðrum starfsmönnum.
- 5.6. Framkvæmdastjóri stjórnar daglegum rekstri sjóðsins í samræmi við stefnu og ákvarðanir stjórnar og er í forsvari fyrir sjóðinn. Hann er fulltrúi stjórnar gagnvart sjóðfélögum svo og viðskiptaaðilum sjóðsins. Framkvæmdastjóri ræður starfsmenn til sjóðsins. Auk framangreindra verkefna skal framkvæmdastjóri annast áætlanagerð, eftir því sem við á, og skipulagsmál. Framkvæmdastjóri skal ekki vera stjórnarmaður í sjóðnum. Framkvæmdastjóra er óheimilt að taka þátt í atvinnurekstri nema að fengnu leyfi stjórnar. Um hafi framkvæmdastjóra fer að öðru leyti eftir ákvæðum gr. 5.2.
- 5.7. Ákvarðanir sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar skal framkvæmdastjóri aðeins taka á grundvelli sérstakrar ákvörðunar stjórnar eða samkvæmt áætlun sem samþykkt hefur verið af stjórninni. Sé ekki unnt að bera meiriháttar ákvarðanir undir stjórnarfund, skal haft samráð við formann og varaformann stjórnar og aðra stjórnarmenn eftir föngum. Slíkar ákvarðanir skal síðan taka fyrir á næsta stjórnarfundi. Sé samningur um umsjón fjárfestinga fyrir sjóðinn samkvæmt ákvæðum gr. 9.7. í gildi, tekur framkvæmdastjóri ekki almennt ákvarðanir um fjárfestingar fyrir sjóðinn nema í þeim tilvikum sem fjárfestingarstefna sjóðsins kveður á um það. Fjárfestingaákvvarðanir sem teljast óvenjulegar og stefnumarkandi og fela í sér skuldbindingu til lengri tíma skal bera undir framkvæmdastjóra og eftir atvikum stjórn sjóðsins.
- 5.8. Allar meiriháttar breytingar á skipulagi sjóðsins, innra eftirliti, bókhaldi og reikningsskilum skal framkvæmdastjóri aðeins gera að höfðu samráði við stjórn og að fengnu samþykki hennar.



- 5.9. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á að bókhald sjóðsins sé fært í samræmi við lög og viðurkenndar venjur. Honum ber einnig að fylgja þeirri fjárfestingarstefnu, sbr. þó 5.7., og þeim útlánareglum sem stjórnin setur. Á reglubundnum stjórnarfundum skal framkvæmdastjóri leggja fram yfirlit um fjárfestingar, rekstur og efnahag sjóðsins. Sé samningur um umsjón fjárfestinga fyrir sjóðinn samkvæmt ákvæðum gr. 9.7. í gildi, skal/skulu fjárvörsluaðili/ar leggja fram yfirlit um fjárfestingar og verðbréfæign sjóðsins að minnsta kosti ársfjórðungslega. Framkvæmdastjóri skal veita stjórn og endurskoðendum allar þær upplýsingar um hag og starfsemi sjóðsins sem þeir óska.
- 5.10. Hvorki stjórnarmenn né starfsmenn mega taka þátt í meðferð máls ef þeir hafa persónulegra og verulegra hagsmuna að gæta sem kynnu að fara í bága við hagsmuni sjóðsins. Sama gildir ef um er að ræða ákvarðanir sem tengast fyrirtæki þar sem stjórnarmaður kann að eiga umtalsverðra hagsmuna að gæta sem eigandi, stjórnarmaður eða starfsmaður. Um vanhæfi til meðferðar einstaks máls fer að öðru leyti eftir meginreglum stjórnslulaga. Stjórnarmönnum og eftir atvikum starfsmönnum er skyldt að upplýsa um aðstæður sem valda kunna vanhæfi samkvæmt framantöldu.
- 5.11. Stjórn sjóðsins, framkvæmdastjóri, starfsmenn, endurskoðendur og aðrir þeir er hafa heimild til að koma fram fyrir hönd sjóðsins mega ekki gera neinar þær ráðstafanir sem bersýnilega eru til þess fallnar að afla ákveðnum sjóðfélögum, fyrirtækjum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna umfram aðra eða á kostnað sjóðsins. Þeir skulu einnig gæta þagmælsku um það sem þeir verða áskynja um í starfi sínu fyrir lífeyrissjóðinn og varða kann hagsmuni einstaklinga eða fyrirtækja og annað það er leynt á að fara samkvæmt lögum eða eftir eðli máls. Pagnarskylda helst þótt látið sé af starfi eða horfið úr stjórn.
- 5.12. Hvorki stjórnarmenn né starfsmenn sjóðsins skulu sitja í stjórnum atvinnufyrirtækja í umboði hans. Þetta gildir þó ekki um fyrirtæki sem stofnuð eru til að sinna sérstökum þáttum í starfsemi sjóðsins.
- 5.13. Stjórn skal gefa út reglur um stjórnarkjör, fyrirkomulag, framboð og framboðsfresti.

6. Ársfundur.

- 6.1. Allir sjóðfélagar eiga rétt til fundarsetu á ársfundi sjóðsins með málfrelni og tillögurétti.
- 6.2. Ársfund sjóðsins skal halda fyrir lok júní ár hvert. Stjórnin skal boða til fundarins með auglýsingi í Bændablaðinu, útvarpi eða á annan sannanlegan hátt með a.m.k. 14 daga fyrirvara. Stjórn sjóðsins er heimilt að óska eftir að tilkynning um þátttöku berist sjóðnum a.m.k. 7 dögum fyrir fundinn.
- 6.3. Stjórn sjóðsins getur boðað til aukafundar þegar þurfa þykir. Stjórn sjóðsins skal boða til aukafundar ef nauðsynlegar breytingar á samþykktum þessum eru fyrirhugaðar. Sama gildir ef Bændasamtök Íslands óska þess skriflega. Stjórnin skal boða til fundar með skriflegu fundarboði til Bændasamtaka Íslands með minnst tveggja vikna fyrirvara. Þá skal stjórnin auk þess auglýsa fundinn í



Bændablaðinu, útvarpi eða á annan sannanlegan hátt með a.m.k. 14 daga fyrirvara.

- 6.4. Við samþykkt ályktana gildir einfaldur meirihluti nema öðruvísi sé ákveðið í samþykktum þessum.
- 6.5. Á dagskrá skulu vera eftirfarandi dagskrárliðir:
 1. Skýrsla stjórnar.
 2. Kynning ársreiknings.
 3. Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt.
 4. Gerð grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins.
 5. Stjórnarkjör.
 6. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins, þegar slíkar tillögur liggja fyrir. Um tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins fer samkvæmt ákvæðum 25. gr.
 7. Önnur mál. Tillögur til ályktunar, sem taka á fyrir á ársfundi, þurfa að berast stjórn sjóðsins eigi síðar en viku fyrir ársfund.

7. Reikningar og endurskoðun.

- 7.1. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda, er sjóðstjórn ræður, og skal ársreikningurinn gerður í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju.
- 7.2. Bændasamtökum Íslands er heimilt að tilnefna skoðunarmann fyrir sjóðinn.

8. Tryggingafræðileg athugun.

- 8.1. Stjórn lífeyrissjóðsins skal árlega láta fara fram tryggingafræðilega athugun á fjárhag sjóðsins og skal niðurstaða athugunarinnar vera hluti af reikningsskilum lífeyrissjóðsins um hver áramót. Í niðurstöðu tryggingafræðilegar athugunar skal gera grein fyrir kostnaði vegna þeirra lágmarksréttinda sem sjóðurinn er skuldbundinn að veita, sbr. ákvæði gr. 2.2. Einnig skal gerð grein fyrir kostnaði vegna þeirra viðbótarréttinda, sem sjóðurinn kann að veita umfram ofangreint lágmark. Tryggingafræðileg athugun skal framkvæmd af tryggingafræðingi eða öðrum þeim sem hlotið hafa viðurkenningu Fjármálaeftirlitsins til sliks starfs. Athugunina skal senda Fjármálaeftirlitinnu fyrir 1. júlí ár hvert.
- 8.2. Hrein eign lífeyrissjóðsins til greiðslu lífeyris ásamt núvirði framtíðariðgjalda skal vera jafnhá núvirði væntanlegs lífeyris vegna þegar greiddra iðgjalda og framtíðariðgjalda. Áætlun um framtíðariðgjöld og væntanlegan lífeyri skal miðuð við sjóðfélaga á þeim tíma sem tryggingafræðileg athugun tekur mið af. Hrein eign



til greiðslu lífeyris skal á hverjum tíma metin í samræmi við ákvæði 24. gr. laga nr. 129/1997. Lífeyrisloforð sjóðsins til framtíðar skulu árlega endurskoðuð og breytt ef tryggingafræðilegar forsendur sjóðsins gefa tilefni til sbr. ákvæði gr. 11.1., en um breytingar á áunnum réttindum fer eftir ákvæðum gr. 8.3. og 8.4.

- 8.3. Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós að meira en 10% munur er á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga skv. gr. 8.2 er lífeyrissjóðnum skyld að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum sjóðsins. Sama gildir ef munur samkvæmt tryggingafræðilegum athugunum á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga hefur haldist meiri en 5% samfellt í fimm ár.
- 8.4. Stjórn sjóðsins er skyld að fá álit tryggingafræðings á áhrifum breytinga á samþykktum lífeyrissjóðsins á getu hans til þess að greiða lífeyri. Tillögur um breytingu lífeyrisréttinda skulu kynntar á ársfundi eða aukaársfundi sjóðsins. Breytingu lífeyrisréttinda skal gerð með því að breyta áunnum réttindum allra sjóðfélaga, eins og þau eru reiknuð samkvæmt 12.-16. gr. þessara samþykktu, hlutfallslega jafnmikið.
- 8.5. Nú leiðir tryggingafræðileg athugun í ljós að fjárhagur sjóðsins er svo ótryggur að við svo búið má ekki standa og ætla má, miðað við tryggingafræðilegar forsendur, að eignir hans muni ekki duga fyrir skuldbindingum miðað við þau lágmarksréttindi, sem sjóðnum er skyld að veita, sbr. gr. 2.2., þrátt fyrir að ákvæðum gr. 8.4. sé beitt, skal stjórn sjóðsins, eigi síðar en innan sex mánaða frá því að hin tryggingafræðilega niðurstaða lá fyrir og að höfðu samráði við tryggingafræðing, beita sér fyrir viðeigandi breytingum á samþykktum um sjóðinn til að bæta stöðu hans enda finnist ekki aðrar leiðir til að bæta hag sjóðsins.

9. Ávöxtun fjár sjóðsins.

- 9.1. Stjórn sjóðsins mótar fjárfestingarstefnu sjóðsins og sér um ráðstöfun á fjármagni hans og er henni skyld að ávaxta það með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma, að teknu tilliti til áhættu og með hliðsjón af langtímaskuldbindingum sjóðsins. Fjárfestingar sjóðsins og fjárfestingarstefna hans skulu vera í samræmi við heimildir laga og uppfylla allar þær kröfur um form og efni sem gerðar eru í ákvæðum laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nú VII. kafla laga nr. 129/1997, og bindandi stjórnvaldsfyrirmælum á hverjum tíma.
- 9.2. Stjórn sjóðsins skal móta fjárfestingarstefnu þar sem sett eru viðmið um að hvaða marki skuli fjárfesta í einstökum eignaformum, sbr. gr. 9.1. Þar skal enn fremur koma fram markmið um dreifingu eigna, tímalengd krafna, myntsamsetningu, seljanleika og aðrar þær viðmiðanir, sem stjórn sjóðsins telur að gefi gleggsta mynd af fjárhagsstöðu sjóðsins.
- 9.3. Á ársfundi skal stjórn leggja fram fjárfestingarstefnu og gera grein fyrir breytingum frá fyrra ári.
- 9.4. Sjóðstjórn er heimilt að semja um fjárvörslu og umsjón fjárfestinga við löggild verðbréfafyrirtæki.



10. Iðgjöld.

10.1. Iðgjöld bænda.

- 10.1.1. Iðgjaldsstofn vegna bænda og maka þeirra sem starfa að búrekstri skal vera reiknuð laun þeirra í landbúnaði samkvæmt ákvæðum laga um tekjuskatt, nr. 90/2003. Iðgjald þeirra bænda og maka þeirra sem reikna sér ekki laun en þiggja laun frá einkahlutafélagi eða öðrum lögaðila, sem rekur bú sbr. 4.2., skal reiknað af heildarfjárhæð greiddra launa til þeirra vegna búrekstrar, sbr. 3. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrissréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997.
- 10.1.2. Stofn til innheimtu á mánaðarlegu iðgjaldi bænda og maka þeirra, sem starfa að búrekstri og reikna sér laun, skal miða við reiknað endurgjald í hverjum mánuði eins og það er ákveðið skv. 6. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987.
- 10.1.3. Með búrekstri í þessu sambandi er átt við búrekstur samkvæmt atvinnugreinanúmerum 01 og 02 í atvinnugreinaflokkun Hagstofu Íslands, sbr. ÍSAT 95, þó ekki starfsemi í undirflokkum 01.4, 01.5 og 02.02. Miða skal við atvinnugreinanúmer 01 og 02 í nýrri atvinnugreinaflokkun ÍSAT 2008, þó ekki undirfloks 01.6, 01.7, 02.3 og 02.4. Eftirtaldir flokkar skulu falla undir iðgjaldsstofn Lífeyrissjóðs bænda:

Landbúnaður skv. ÍSAT 2008

01	01.1		Ræktun nytjajurta annarra en fjölærra
		01.11.0	Kornrækt (að undanskildum hrísgrjónum), ræktun belgjurta og olíufræja
		01.12.0	Hrísgjónarækt
		01.13	Ræktun grænmetis og melóna, róta og hnýðis
		01.13.1	Ræktun á aldingrænmeti og papriku
		01.13.2	Ræktun á kartöflum
		01.13.9	Ræktun á öðru ótoldu grænmeti, rótum og hnýði
	01.14	01.14.0	Ræktun sykurreyrs
	01.15	01.15.0	Tóbaksræktun
	01.16	01.16.0	Ræktun trefjajurta
	01.19		Önnur ræktun nytjajurta sem ekki eru fjölærar
		01.19.1	Blómarækt
		01.19.9	Önnur ótalín ræktun nytjajurta sem ekki eru fjölærar
	01.2		Ræktun fjölærra nytjajurta
		01.21.0	Ræktun á þrúgum
		01.22.0	Ræktun hitabeltisávaxta og ávaxta frá heittempraða beltinu
		01.23.0	Ræktun sítrusávaxta
		01.24.0	Ræktun kjarnaávaxta og steinaldina

			01.25.0	Ræktun annarra ávaxta og hneta af trjám og runnum
			01.26.0	Ræktun olífuríkra ávaxta
			01.27.0	Ræktun jurta til drykkjargerðar
			01.28.0	Ræktun kryd, ilm og lyfjurta
			01.29.0	Ræktun annarra fjölærra nytjurta
	01.3		01.30.0	Plöntufjölgun
	01.4			Búfárrækt
			01.41.0	Ræktun mjólkurkúa
			01.42.0	Önnur nautgríparækt
			01.43.0	Hrossarækt og ræktun annarra dýra af hrossaætt
			01.44.0	Úlfaldarækt og ræktun dýra af úlfaldaætt
			01.45.0	Sauðfjár- og geitarækt
			01.46.0	Svínarækt
		01.47		Alifuglarækt og eggjaframleiðsla
			01.47.1	Alifuglarækt
			01.47.2	Eggjaframleiðsla
		01.49		Ræktun annarra dýra
			01.49.1	Loðdýrabú
			01.49.2	Æðarrækt og æðardúnstekja
			01.49.9	Ræktun annarra ótalinna dýra
	01.5	01.50	01.50.0	Blandaður búskapur
02	02.1	02.10		Skógrækt og önnur starfsemi tengd skógrækt
			02.10.1	Rekstur gróðrastöðva fyrir skógartré
			02.10.9	Skógrækt og önnur ótalinn starfsemi tengd henni
	02.2		02.20.0	Skógarhögg

10.1.4. Iðgjald bænda til samtryggingar skal ekki vera lægra en 12% af launatekjum.

10.1.5. Iðgjaldshluti sjóðfélaga skv. gr. 4.2., skal ekki vera lægri en 4% af iðgjaldsstofni sbr. gr. 10.1.1. frá fyrsta næsta mánaðar eftir að 16 ára aldri er náð og til loka þess almanaksmánaðar er 70 ára aldri er náð.

10.1.6. Á móti iðgjaldi sjóðfélaga skal greitt mótframlag, sem skal ekki vera lægra en 8% af iðgjaldsstofni, sbr. gr. 10.1.1. Mótframlagið skal greitt af sjóðfélaga samhliða iðgjaldi, sé ekki samið um greiðslu þess úr ríkissjóði í búvorusamningi eða með öðrum sambærilegum hætti.

10.1.7. Sjóðurinn annast sjálfur innheimtu iðgjalda og framlaga skv. gr. 10.1.5. og 10.1.6., ef við á, sbr. gr. 10.1.1. og skal gjalddagi vera tíundi dagur næsta mánaðar eftir launatímabil.

10.1.8. Á greiðsludögum beingreiðslna samkvæmt búvorulögum skal þrátt fyrir gr. 10.1.7. halda eftir af þeim iðgjaldi og framlagi, ef við á, þeirra sjóðfélaga sem beingreiðslna njóta, fyrir næstliðinn mánuð og skila því til sjóðsins eigi síðar en 30 dögum eftir að það er greitt og skal það sundurliðað eftir sjóðfélögum og tímabilum.

- 10.1.9. Greiði sjóðfélagi ekki iðgjald skv. gr. 10.1.5., sbr. gr. 10.1.7., og gr. 10.1.10. og mótframlag skv. gr. 10.1.6., ef við á, innan sama mánaðar og iðgjald fellur í gjalddaga eða sé hún vangreidd skulu reiknast hæstu leyfilegu dráttarvextir samkvæmt auglýsingu Seðlabanka Íslands á þá fjárhæð sem vangoldin er frá gjalddaga til greiðsludags.
- 10.1.10. Leiði eftirlit ríkisskattstjóra skv. 6. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, í ljós að iðgjald bóna skv. gr. 10.1.5. og 10.1.6., ef við á, sbr. gr. 10.1.1. hefur verið vangreitt skal sjóðurinn innheimta það sem á vantar. Heimilt er að nota einn gjalddaga fyrir vangoldin iðgjöld ársins, 10. janúar næsta ár.
- 10.1.11. Sé greitt iðgjald sbr. gr. 10.1.2. og 10.1.5. hærra en iðgjald skv. gr. 10.1.10. skal sjóðstjórn úrskurða um bakfærslu og endurgreiðslu ofgreiddra iðgjalda en er heimilt að fela framkvæmdastjóra umboð til slíkra úrskurða. Iðgjald sem flutt hefur verið í annan lífeyrissjóð, lán verið veitt út á eða lífeyrir verið úrskurðaður og greiddur út á skal hvorki endurgreitt né réttindi sem af því leiða bakfærð. Vextir skulu reiknaðir á endurgreiðslu iðgjalda samkvæmt lögum um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001.
- 10.1.12 Sjóðfélagi getur óskað eftir því að iðgaldsstofn hans sé reiknað endurgjald í staðgreiðslu sé það hærra en reiknuð laun hans sbr. gr. 10.1.1. samkvæmt álagningu að liðnu tekjuári.
- 10.1.13 Hafi maka bóna sem ekki starfar að búrekstri verið veitt aðild að sjóðnum sbr. gr. 4.3., skal iðgjöldum bóna vegna búrekstrar, sbr. gr. 10.1., skipt á milli þeirra í þeim hlutföllum sem hann hefur óskað eftir skriflega. Skal hlutur makans ganga til öflunar sjálfstæðra lífeyrisréttinda fyrir hann. Þessari skiptingu skal hætt að fenginni skriflegri ósk bóna.
- 10.1.14 Um innheimtu iðgjalda bænda og önnur almenn ákvæði fer að öðru leyti eftir ákvæðum gr. 10.2.2. til 10.13. eftir því sem við á.
- 10.2. Iðgjöld launþega.
- 10.2.1. Iðgjald launþega, sem er sjóðfélagi skv. gr. 4.4. eða 4.5., til samtryggingar skal ekki vera lægra en 12% af launum, sem tilgreind eru í gr. 10.3. og 10.4. frá fyrsta næsta mánaðar eftir að 16 ára aldri er náð og til loka þess almanaksmánaðar er 70 ára aldri er náð. Telst ekki lægra en 4% vera iðgjald sjóðfélaga og ekki lægra en 8% vera framlag vinnuveitanda.
- 10.2.2. Sjóðfélagar bera sjálfir ábyrgð á að iðgjöldum og framlögum skv. gr. 10.2.1., sbr. gr. 4.4. sé skilað til sjóðsins. Að öðru leyti gilda ákvæði um launþegaiðgjöld í gr. 10.2. til 10.13. um slíkar greiðslur.
- 10.3. Iðgjald skv. gr. 10.1. og 10.2. mynda rétt til samtryggingarverndar samkvæmt ákvæðum samþykkta sjóðsins. Sjóðfélaga er heimilt að hækka iðgjald til samtryggingarverndar enda sé gerður um það sérstakur skriflegur samningur á milli sjóðfélaga og lífeyrissjóðsins. Lífeyrissjóðurinn setur og gefur út skilmála um slíkan samning.

- 10.4. Iðgjald skv. gr. 10.2. skal reiknað af heildarfjárhæð greiddra launa og endurgjalds fyrir hvers konar vinnu, starf eða þjónustu. Stofn til iðgjalds skal vera allar tegundir launa eða þóknana fyrir störf sem skattskyld eru skv. 1. mgr. 1. tl. A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Til gjaldstofns skal þó ekki telja hlunnindi sem greidd eru í fríðu, svo sem fatnað, fæði og húsnæði, eða greiðslur sem ætlaðar eru til endurgreiðslu á útlögðum kostnaði, t.d. ökutækjastyrki, dagpeninga og fæðispeninga. Enn fremur skal ekki telja til gjaldstofns eftirlaun og lífeyri sem Tryggingastofnun ríkisins eða lífeyrissjóður greiðir, bætur greiddar af Tryggingastofnun ríkisins, slysa- og sjúkradagpeninga úr sjúkrasjóðum stéttarfélaga og bætur tryggingafélaga vegna atvinnutjóns af völdum slysa. Þá skal telja til iðgjaldsstofns atvinnuleysisbætur samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar.
- 10.5. Iðgaldsstofn manns vegna vinnu hans við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skal vera jafnhár fjárhæð skv. 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, sbr. 59. gr. þeirra laga. Um iðgaldshlutfall fer eftir gr. 10.2.
- 10.6. Launagreiðanda ber að halda eftir iðgjöldum starfsmanna sinna og standa skil á þeim mánaðarlega ásamt eigin iðgjaldahluta. Gjalddagi iðgjaldala hvers mánaðar er 10. dagur næsta mánaðar. Eigi greiðsla sér ekki stað innan sama mánaðar og iðgjald fellur í gjalddaga eða sé hún vangreidd skulu reiknast hæstu leyfilegu dráttarvextir samkvæmt auglýsingu Seðlabanka Íslands á þá fjárhæð sem vangoldin er, frá gjalddaga til greiðsludags. Launagreiðendum og sjálfstæðum atvinnurekendum ber að tilkynna lífeyrissjóðnum ef þeim ber ekki lengur að standa skil á lífeyrisiðgjaldi þar sem þeir hafa hætt starfsemi eða starfsmenn þeirra hafa látið af störfum. Launagreiðendur og sjálfstæðir atvinnurekendur skulu senda skilagrein með iðgjaldinu þar sem m.a. koma fram iðgaldshlutföll og iðgjöld hvers aðila sem skal renna til samtryggingar. Lífeyrissjóðurinn setur og gefur út reglur um form skilagreinarinnar. Liggi ekki annað fyrir skal við innheimtu iðgjalds miðað við að iðgaldshluti launamanns sé 4% en launagreiðanda það sem umfram er.
- 10.7. Sjóðfélagar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins með öðru en iðgjöldum sínum.
- 10.8. Iðgjöld sjóðfélaga, sem launagreiðandi hefur sannanlega haldið eftir af launum hans, en ekki staðið skil á til sjóðsins, svo og mótframlag launagreiðandans, skal þrátt fyrir vanskilin meta að fullu til réttinda fyrir viðkomandi sjóðfélaga við úrskurð lífeyris, enda hafi sjóðnum verið kunnugt um þessi vanskil, sbr. gr. 10.9. og 10.11. Þó ber lífeyrissjóðurinn ekki ábyrgð á réttindum sjóðfélaga vegna þeirra iðgjaldala sem glatast við gjaldþrot og Ábyrgðarsjóður launa ber ekki ábyrgð á, skv. 5. gr. laga nr. 88/2003. (Um er að ræða stjórnarmenn og stjórnendur gjaldþrota fyrirtækis, maka þeirra og skyldmenni, samkvæmt nánari reglum stjórnar Ábyrgðarsjóðs launa.)
- 10.9. Tvisvar á ári skal senda sjóðfélögum yfirlit yfir greidd iðgjöld vegna þeirra. Yfirlitinu skal fylgja áskorun til sjóðfélaga að gera án tafar athugasemdir, ef vanhöld koma í ljós á iðgjaldaskilum. Sjóðurinn skal samtímis með opinberri auglýsingu skora á alla þá sem telja sig hafa greitt iðgjöld til sjóðsins á undangengnu tímabili og ekki fengið yfirlit samkvæmt framanskráðu, að gera



sjóðnum án tafar viðvart um ætluð vanskil. Hafi athugasemdir frá sjóðfélaga, staðfestar með launaseðlum, ekki borist sjóðnum innan 60 daga frá dagsetningu yfirlits eða birtingu auglýsingar, sé það síðar, og sjóðnum ekki verið kunnugt um iðgjaldakröfuna, er sjóðurinn einungis ábyrgur fyrir réttindum á grundvelli iðgjalda þessara að því marki sem þau fást greidd. Samhliða yfirliti þessu skal eigi sjaldnar en einu sinni á ári senda upplýsingar um áunninn og væntanlegan lífeyrisrétt sjóðfélaga, rekstur og fjárhagsstöðu sjóðsins og breytingar á samþykktum. Sömu upplýsingar skal senda þeim sjóðfélögum sem náð hafa ellilífeyrisaldri. Heimilt er að senda yfirlitin með rafrænum hætti til sjóðfélaga óski sjóðfélagi eftir því.

- 10.10. Senda skal lokaaðvörun til launagreiðenda, ef iðgjöld samkvæmt innsendum skilagreinum hans hafa verið í vanskilum í þrjá mánuði frá eindaga. Formlega innheimtu skal hefja innan 15 daga frá útsendingu lokaaðvörunar eða fyrr sé rökstudd ástæða til að ætla að iðgjaldskrafa sé ótrygg.
- 10.11. Iðgjöld í vanskilum, sem sanna má með innsendum launaseðlum, skulu innheimt með sama hætti og skilagreinar launagreiðenda. Lokaaðvörun til launagreiðenda skal senda innan 90 daga frá dagsetningu yfirlits skv. gr. 10.9. Heimilt er lífeyrissjóðnum að byggja innheimtuaðgerðir á áætlunum um ógreidd iðgjöld, enda hafi hlutaðeigandi launagreiðandi ekki skilað inn skilagreinum til sjóðsins fyrir viðkomandi tímabil. Um innheimtu fer að öðru leyti eftir gr. 10.10.
- 10.12. Öllum innborgunum launagreiðenda, hvort heldur sem þær berast með nýrri skilagrein eða öðrum hætti, skal ráðstafa til greiðslu elstu ógreiddra iðgjalda og vanskilavaxta launagreiðenda og skapa réttindi samkvæmt því. Stjórn sjóðsins er þó heimilt að víkja frá þessari reglu í því tilfelli þegar hafin hefur verið formleg innheimta iðgjalda í vanskilum sbr. gr. 10.10. fyrir ákveðið tímabil og fullnægjandi trygging hefur fengist fyrir greiðslu iðgjalda, vanskilavaxta og innheimtukostnaðar vegna þess tímabils. Ennfremur ef lög kveða á um annað samanber meðferð mála á greiðslustöðvunartímabili launagreiðenda. Skilagrein telst ógreidd þar til innborgun nægir til fullrar greiðslu skilagreinarinnar og áfallinna vanskilavaxta á hana.
- 10.13. Á grundvelli samkomulags sjóðfélaga og maka hans getur sjóðfélagi ákveðið, að iðgjöld skv. gr. 10.1. og 10.2. skuli allt að hálfu renna til þess að mynda sjálfstæð ellilífeyrisréttindi fyrir maka hans, sbr. gr. 12.7. b. Þessari skiptingu iðgjalda skal hætt að ósk sjóðfélaga, enda framvísi hann skilríkjum um að fjárfélagi hans og maka hans hafi verið slitið eða aðilar hafi gert með sér nýtt samkomulag.

11. Grundvöllur lífeyrisréttinda.

- 11.1. Réttindi sjóðfélaga til lífeyris eru reiknuð í krónum og ráðast réttindi af því iðgjaldi sem greitt er í lífeyrissjóðinn hverju sinni. Í viðauka A er tilgreint hvernig lífeyrisréttindi sjóðfélaga eru reiknuð í samræmi við réttindaákvæði 12.-15. gr. og eru niðurstöðurnar birtar í réttindatöflum. Viðauki A, telst hluti af samþykktum þessum. Í Viðauka B er yfirlit um sérstakar breytingar á áunnum lífeyrisréttindum Lífeyrissjóðs bænda, sem samþykktar hafa verið af stjórn sjóðsins.

- 11.2. Ávinnsla réttinda fyrir greitt heildariðgjald ræðst af aldri sjóðfélaga í lok þess launamánaðar sem iðgjald er greitt af til lífeyrissjóðsins samkvæmt töflu I í viðauka A, sbr. þó gr. 11.3. Réttindin eru verðtryggð og breytast í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar frá þeim launamánuði sem iðgjald er greitt af. Lífeyrisréttindin eru skilgreind í 12.-15. gr., sbr. þó gr. 11.3. og 11.4.
- 11.3.1. Sjóðfélaga sem á réttindi í sjóðnum m.v. árslok 2005 er heimilt að greiða til hans iðgjöld allt að tilteknu hámarki með jafnri réttindaávinnslu í jafn margi mánuði og viðkomandi hafði greitt iðgjöld til sjóðsins fyrir 42 ára aldur í lok árs 2005. Hafi hann greitt iðgjöld í full 5 ár á umræddu tímabili á hann rétt á að greiða allt að viðmiðunariðgjaldi í jafnri ávinnslu til 70 ára aldurs. Þessi jafna ávinnsla miðast við meðaltal réttindaávinnslu aldursárranna 25 til og með 64 ára samkvæmt töflu I í viðauka A, þar sem meðaltalið er birt sérstaklega. Hámarksíðgjald til jafnrar ávinnslu á hverju almanaksári, viðmiðunariðgjald, skal ákveðið fyrir hvern sjóðfélaga, sem er á aldrinum 25 til og með 69 ára, jafnhátt því iðgjaldi sem hann greiddi til sjóðsins á árinu 2003 eða síðasta árið sem iðgjald barst sjóðnum hans vegna, hafi það verið fyrr. Viðmiðunariðgjaldið skal þó ekki taka mið af iðgaldsgreiðslum umfram 10% af iðgaldsstofni. Hafi iðgaldsgreiðslur það ár ekki endurspeglad venjubundnar greiðslur, s.s. vegna starfshléa eða að greiðslum hafi verið hætt á árinu, skal eftir umsókn sjóðfélaga miða útreikning á viðmiðunariðgjaldi við iðgaldsgreiðslur næsta ár á undan sem stjórn sjóðsins telur gefa sanngjarna mynd af reglulegum iðgaldsgreiðslum sjóðfélagsans. Viðmiðunariðgjald samkvæmt framanskráðu tekur breytingum í hlutfalli við breytingar sem verða á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar frá viðmiðunarári til greiðsluárs hverju sinni.
- 11.3.2. Öll iðgjöld sem berast sjóðnum á ári hverju vegna sjóðfélaga sem er 25 ára eða eldri í árslok 2005 og hefur skilgreint viðmiðunariðgjald samkvæmt framanskráðu, skulu færast í jafnri réttindaávinnslu allt þar til viðmiðunariðgjaldinu er náð eða útreiknuðu iðgaldsgreiðslutímabili er lokið. Sjóðurinn skal sérstaklega gæta þess að réttindaávinnsla þeirra sem ekki eiga rétt á jafnri réttindaávinnslu til 70 ára aldurs skv. gr. 11.3.1. sé samkvæmt þeim ávinnslureglum er gefa meiri rétt á hlutaðeigandi tímabili. Iðgjald sem berst umfram framangreint viðmiðunariðgjald myndar réttindi samkvæmt aldursháðri réttindatöflu sjóðsins. Þegar öll iðgjöld ársins hafa borist vegna sjóðfélaga sem á skilgreint viðmiðunariðgjald skal færa þau til réttinda þannig að sá hluti iðgjalda ársins sem fer í jafna réttindaávinnslu skiptist á mánuði ársins í hlutfalli við samtals iðgjöld. Mismunurinn fer í aldursháða réttindaávinnslu. Nú greiðast ekki iðgjöld alla mánuði tiltekins almanaksárs og reiknast þá viðmiðunariðgjald þess árs í réttu hlutfalli við fjölða greiðslumánaða.
- 11.3.3. Við framrekning réttinda samkvæmt ákvæðum 13.-15. gr. skal reikna með jafnri ávinnslu í samræmi við hlutdeild viðmiðunariðgjalds sjóðfélagsans af þeim iðgjöldum sem lögð eru til grundvallar framrekningi.
- 11.3.4. Lífeyrissjóðurinn skal upplýsa sjóðfélaga um útreikning á viðmiðunariðgjaldi til jafnrar réttindaávinnslu samkvæmt framanskráðu innan þriggja mánaða frá því að hann greiðir fyrst til sjóðsins eftir 1. janúar 2007. Telji sjóðfélagi viðmiðunarárið ekki gefa sanngjarna mynd af venjubundnum iðgaldsgreiðslum hans getur hann óskað eftir því við sjóðstjórn að annað ár verði lagt til grundvallar

útreikningi viðmiðunariðgjalds. Ósk um endurskoðun viðmiðunar-iðgjalds skal berast sjóðnum í síðasta lagi níu mánuðum eftir að sjóðfélaginn fékk tilkynningu um útreikning viðmiðunariðgjalds.

- 11.3.5. Ekki skal reikna viðmiðunariðgjald fyrir sjóðfélaga sem eru yngri en 25 ára eða eldri en 70 ára þann 1. janúar 2007. Sjóðfélagi getur hvenær sem er ákveðið að allt iðgjald hans færst til réttinda eftir aldursháðri réttindatöflu. Ákvörðun sjóðfélaga þar um öðlast gildi frá upphafi þess árs sem tilkynning hans berst sjóðnum og er sú ákvörðun óafturkræf. Réttur til jafnrar ávinnslu samkvæmt ákvæðum 11. gr. telst frá gildistöku samþykktu þessara eða frá þeim tíma er sjóðfélaga fyrst er heimilt að greiða til sjóðsins vegna launatekna af vinnu á starfssviði hans og fellur niður, sé hann ekki nýttur án eðlilegra skýringa að mati sjóðstjórnar.
- 11.3.6. Stjórn sjóðsins er heimilt að gera samkomulag við aðra lífeyrissjóði innan Landssamtaka lífeyrissjóða sem hafa miðað við jafna réttindaávinnslu á árinu 2003 um gagnkvæma viðurkenningu iðgaldsgreiðslna til útreiknings viðmiðunariðgjalds samkvæmt framanskráðu. Þá er sjóðunum heimilt að halda samræmdu töluskrá um rétt manna til jafnrar ávinnslu og kveða á um það, hvernig sá réttur deilist niður, sé iðgjald greitt til fleiri sjóða.
- 11.4. Áunnin lífeyrisréttindi eins og þau eru skilgreind í 12.-15. gr. og reiknuð skv. gr. 11.2. og 11.3. skulu varðveisst í samræmi við gildandi reglur hverju sinni, þannig að lífeyrisgreiðslur verði samkvæmt uppsöfnuðum réttindum hvers réttindatímabils. Framreikningur skal hverju sinni vera samkvæmt þeim reglum sem gilda þegar réttur til lífeyris varð virkur. Samtala lífeyrisréttinda er summa áunninna lífeyrisréttinda og framreiknaðra lífeyrisréttinda, ef slík réttindi hafa verið úrskurðuð. Framreiknuð lífeyrisréttindi teljast ekki með áunnum lífeyrisréttindum nema að því marki sem þau hafa fallið til frá úrskurði framreiknings, sbr. gr. 13.13.a. og 14.7.a. og minnkar framreiknaði hlutinn þá sem því nemur. Þegar stjórn sjóðsins ákveður aukningu réttinda skulu þau vera greind frá öðrum réttindum. Réttindaaukning er ekki tekin með í framreikningi en hún reiknast að fullu í áunnum réttindum. Komi til skerðingar á áunnum réttindum sjóðfélaga skal fara með réttindaskerðinguna á sama hátt og réttindaaukningu nema að skerðingin kemur til frádráttar áunnum réttindum.
- 11.5. Réttindi sem áunnist hafa í sjóðnum fyrir gildistöku samþykktu þessara skulu varðveisst samkvæmt þeim réttindareglum sem giltu þá. Um áhrif frestuunar á fjárhæð lífeyris samkvæmt áunnum rétti við gildistöku samþykktu þessara fer samkvæmt meginreglu 2. ml. í gr. 12.2.

12. Ellilífeyrir.

- 12.1. Sjóðfélagi á aldrinum 67 til 80 ára, sem á réttindi í sjóðnum skv. 11. gr., á rétt á ævilöngum ellilífeyri. Sjóðfélagi sem hefur töku ellilífeyris 67 ára gamall fær réttindi samkvæmt töflu I.
- 12.2. Heimilt er sjóðfélaga að hefja töku eftirlaunalífeyris, áður en hann nær 67 ára aldri, þó ekki fyrr en frá 65 ára aldri. Skal þá upphæð eftirlaunalífeyris lækka frá því, sem í 11.1 segir, í samræmi við ákvæði í viðauka A töflu II.



- 12.3. Sjóðfélagi sem ekki hefur hafið töku ellilífeyris hjá sjóðnum getur ákveðið að hefja töku ellilífeyris í 50% hlutfalli hvenær sem er eftir að 65 ára aldri er náð og telst hann þá hafa ráðstafað þeim hluta ellilífeyrisréttinda sinna, sbr. grein 13.12. Ákvæði 12.2., skal gilda um þann hluta sem ráðstafað er fyrir 67 ára aldur. Ákvæði 12.4., skal gilda um hinn frestaða hluta eftir að 67 ára aldri er náð.
- 12.4. Þegar sjóðfélagi hefur töku ellilífeyris eftir 67 ára aldur hækkar upphæð ellilífeyris samkvæmt töflu I eins og segir í töflu III fyrir hvern mánuð sem líður frá 67 ára aldri þar til taka lífeyris hefst. Hækjun ellilífeyrisréttindanna miðast við það að verðmæti ellilífeyrisins til æviloka sé hið sama og hjá þeim sem hefja töku ellilífeyris 67 ára miðað við tryggingafræðilegar forsendur sjóðsins.
- 12.5. Íðgjöld sem sjóðfélagar greiða eftir 67 ára aldur veita réttindi samkvæmt töflu IV. Ellilífeyrisréttindi sem aflað er á hverju aldursári samkvæmt þessari grein koma fyrst til greiðslu fyrir fyrsta mánuð eftir næsta afmælisdag og þá aðeins samkvæmt sérstakri umsókn sjóðfélaga. Ellilífeyrir sem aflað er samkvæmt töflu III hækkar þegar töku hans er frestað fram yfir næsta afmælisdag samkvæmt því sem tilgreint er í töflunni. Réttindi veita rétt til makalífeyris í samræmi við ákvæði 14. gr.
- 12.6. Ellilífeyrir er greiddur mánaðarlega til dauðadags samkvæmt uppsöfnuðum réttindum.
- 12.7. Sjóðfélagi getur ákveðið að skipta ellilífeyrisréttindum á milli sín og maka síns í samræmi við 14. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða:
- Að ellilífeyrisgreiðslur sem renna eiga til hans skuli allt að hálfu renna til maka hans eða fyrrverandi maka. Lífeyrissjóðurinn skal þá skipta greiðslum í samræmi við ákvörðun sjóðfélagans, en þær falla niður við andlát hans. Deyi makinn eða fyrrverandi maki sem nýtur slíkra greiðslna hins vegar á undan sjóðfélaganum skulu greiðslurnar allar renna til sjóðfélagans.
 - Áður en taka ellilífeyris hefst en þó eigi síðar en fyrir 65 ára aldur og ef sjúkdómar eða heilsufar sjóðfélaga hafa ekki dregið úr lífslíkum, að verðmæti uppsafnaðra ellilífeyrisréttinda hans skuli allt að hálfu renna til að mynda sjálfstæð ellilífeyrisréttindi fyrir maka hans eða fyrrverandi maka, og skerðast þá réttindi sjóðfélagans sem því nemur. Heildarskuldbinding lífeyrissjóðsins skal ekki aukast við þessa ákvörðun sjóðfélagans. Þessi skipting er ekki heimil nema um gagnkvæma skiptingu sé að ræða.
 - Að iðgjald vegna hans, sem gengur til að mynda ellilífeyrisréttindi, skuli allt að hálfu renna til þess að mynda sjálfstæð ellilífeyrisréttindi fyrir maka hans. Við ráðstöfun iðgjalds til ellilífeyris skal litið svo á að iðgjaldsstofni sjóðfélagans hafi verið skipt milli hans og makans eins og iðgjaldinu. Örorku- og makalífeyrisréttindi sjóðfélagans taka eftir sem áður mið af óskiptum iðgjaldsstofni. Þessi skipting er ekki heimil nema um gagnkvæma skiptingu sé að ræða. Samanber þó sérákvæði um bændur í gr. 10.1.13.

13. Örorkulífeyrir.

- 13.1. Sjóðfélagi sem verður fyrir orkutapi, sem talið er að svari til 50% örorku eða meira á rétt á örorkulífeyri úr sjóðnum í samræmi við áunnin réttindi skv. 11. gr. og nánari skilmála 13. greinar. Auk áunninna réttinda samkvæmt framanskráðu á sjóðfélagi rétt á örorkulífeyri miðað við framreikning á því, hvað ætla má að hefðu orðið réttindi hans við áframhaldandi iðgjaldsgreiðslur samkvæmt nánari skilmálum þessarar greinar. Skilyrði framreikningsréttar eru að sjóðfélaginn hafi:
- Greitt iðgjöld til sjóðsins í a.m.k. þrjú af undanfarandi fjórum almanaksárum og a.m.k. kr. 60.000 í heildariðgjald hvert þessara þriggja ára. Hafi sjóðfélagi unnið reglubundið hlutastarf á tímabilinu skal miða við að lágmarksíðgjald hafi verið a.m.k. kr. 40.000.
 - Greitt iðgjöld til sjóðsins í a.m.k. sex mánuði á undanfarandi tólf mánuðum.
 - Ekki sjálfur átt sök á orkutapi vegna ofnotkunar áfengis, lyfja eða fíkniefna.

Hafi sjóðfélagi skipt um starf og af þeim sökum hafið iðgjaldagreiðslur til sjóðsins á síðustu 24 mánuðum fyrir orkutap, stofnast ekki réttur til framreiknings í þessum sjóði, ef rekja má starfsskiptin til versnandi heilsufars, sem leitt hafi til orkutapsins.

- 13.2. Séu sérstakar ástæður, svo sem aldur sjóðfélaga, búseta hans erlendis eða nám þess valdandi, að hann hefur ekki getað uppfyllt skilyrði gr. 13.1. um iðgjaldsgreiðslutíma er sjóðstjórn heimilt að stytta áskilinn tíma í tvö undanfarandi almanaksár, enda verði talið fullvist, að orsök örorku verði ekki rakin til tíma aftur fyrir orkutap. Hafi sjóðfélagi hins vegar öðlast rétt til framreiknings sem fallið hefur niður vegna tímabundinnar fjarveru af vinnumarkaði allt að 24 mánuði vegna vinnu erlendis, náms, leyfis frá störfum, barneigna eða sambærilegra ástæðna, skal framreikningsréttur stofnast á nýjan leik eftir sex mánuði frá því að hann hefur aftur störf og greiðslu iðgjalds til sjóðsins.
- 13.3. Réttur til örorkulífeyris stofnast því aðeins að sjóðfélagi hafi orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutapsins. Aldrei skal samanlagður örorkulífeyrir og barnalífeyrir skv. gr. 15.1.2. vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar. Við mat á því hvort tekjuskerðing hafi orðið vegna örorkunnar skal úrskurða sjóðfélaganum viðmiðunartekjur, sem skulu vera meðaltal tekna sjóðfélagans síðustu fjögur almanaksár fyrir orkutapið reiknaðar til úrskurðardags, sbr. a-lið gr. 13.6. um framreikning. Heimilt er að miða við meðaltal tekna síðustu þrjú almanaksár fyrir orkutapið vegna sjóðfélaga, er fengið hefur úrskurðaðan örorkulífeyri fyrir 1. janúar 2006, sbr. einnig a-lið gr. 13.6. Frá úrskurðardegi skulu viðmiðunartekjurnar taka breytingum í samræmi við breytingar sem verða á launavísitölu. Við útreikning tekjumissis skal tekið tillit til atvinnutekna örorkulífeyrisþegans, lífeyris- og bótagreiðslna frá almannatryggingum og öðrum lífeyrissjóðum og kjarasamningsbundinna tryggingabóta sem hann nýtur vegna örorkunnar. Í úrskurði um lífeyri skal jafnframt greina hvaða launatekjur eru

lagðar til grund-vallar útreikningi, svo sjóðfélaga megi vera ljóst við hvaða mörk lækkun örorku-lífeyris vegna tekna er miðað. Örorkulífeyrisþega er skyld að veita sjóðnum upplýsingar um tekjur sínar samkvæmt launaframtali, sé þess óskað. Heimilt er að fresta eða fella niður greiðslur lífeyris, veiti sjóðfélagi ekki umbeðnar upplýsingar.

- 13.4. Hundraðshluta orkutaps og tímasetningu þess skal ákvarða á grundvelli örorkumats trúnaðarlæknis sjóðsins samkvæmt reglum um læknisfræðilegt örorkumat og að fengnum upplýsingum um heilsufarssögu og starfsorku sjóðfélaga aftur í tímann. Mat á missi starfsorku skal miðast við þær heilsufarslegu breytingar sem sjóðfélagi hefur orðið fyrir eftir að hann hóf iðgaldsgreiðslur til sjóðsins. Fyrstu þrjú árin eftir orkutapið skal örorkumat aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að stunda landbúnaðarstörf eða gegna öðru því starfi er hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum er tengd. Að því tímabili loknu skal orkutap metið á ný með tilliti til vanhæfni sjóðfélaga til almennra starfa, nýrra upplýsinga um heilsufar og störf og árangurs af endurhæfingu. Orkutap skal síðan endurmetið eftir því sem stjórn sjóðsins telur ástæðu til.
- 13.5. Þegar skilyrði gr. 13.1. um iðgaldagreiðslutíma eru uppfyllt miðast hámark örorkulífeyris við áunninn lífeyrisrétt skv. 11. gr. að viðbættum lífeyri sem svarar til þeirra réttinda sem ætla má að sjóðfélaginn hefði áunnið sér með iðgaldsgreiðslum fram til 65 ára aldurs, reiknað skv. gr. 13.6. Eigi sjóðfélaginn jafnframt rétt á örorkulífeyri úr öðrum sjóði skal hann því aðeins fá lífeyri úr þessum sjóði vegna ókomins tíma, að hann hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs sbr. þó ákvæði samkomulags um samskipti lífeyrissjóða.
- 13.6. Eigi sjóðfélagi, sem ekki hefur náð 65 ára aldri er hann verður fyrir orkutapi, rétt á framreikningi réttinda skv. gr. 13.5., skal um þann framreikning fara sem hér segir:
 - a. Reikna skal meðaltal iðgjalda sjóðfélaga næstu fjögur almanaksárin fyrir orkutapið. Telji sjóðstjórn rökstudda ástæðu til að ætla að þetta fjögurra ára meðaltal endurspegli ekki venjubundnar greiðslur, er henni heimilt að leggja til grundvallar iðgaldsgreiðslur 8 ár aftur í tímann. Við útreikning meðaliðgjalds þessa tímabils skal hvorki taka tillit til þess árs sem lægst iðgjöld bárust vegna sjóðfélaga né þess árs sem iðgaldsgreiðslur voru hæstar og reikna meðaliðgjaldið því af iðgjöldum þeirra 6 ára sem þá standa eftir. Hafi sjóðfélaginn greitt iðgjöld í skemmri tíma en 8 ár skal reikna út frá viðkomandi árafjölda. Lífeyrisréttur sjóðfélaga vegna framreiknings ákvarðast jafn þeim réttindum, sem þetta meðaliðgjald, greitt til 65 ára aldurs, myndi hafa veitt honum samkvæmt töflu I í viðauka A. Nemi meðaliðgjaldið hærri fjárhæð en kr. 320.000 skal við framreikning miða við meðaltalið í allt að 10 ár en síðan og til 65 ára aldurs skal í stað meðaltalsins reikna með kr. 320.000 í árlegt iðgjald.
 - b. Hafi sjóðfélagi fyrir orkutapið látið af því starfi sem iðgjöld hans byggðu á, þannig að tekjusaga fortíðar þyki að mati sjóðstjórnar ekki gefa trúverðuga vísbendingu um tekjutap hans í framtíðinni, er sjóðstjórn heimilt að leggja til grundvallar mati á tekjutapi skv. gr. 13.5. áætlaðar framtíðartekjur umsækjanda í nýju starfi að hálfu leyti á móti útreikningi

skv. a. lið, sem hafi þá 50% vægi við útreikning á tekjuviðmiði til framreiknings.

- c. Nú hafa iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga til lífeyrissjóða verið svo stopular, að þær hafa fallið niður eða verið lægri en svo að svaraði til 350 þúsund króna árslauna fleiri en eitt almanaksár eftir lok þess árs, er sjóðfélagi náði 25 ára aldri og skal þá framreikningstími styttur í hlutfallinu milli fjölda almanaksára, sem árlegar iðgjaldsgreiðslur hafa svarað til lægri árslauna en kr. 350.000 og fjölda almanaksára frá 25 ára aldri fram til orkutaps. Sama gildir, ef stopular iðgjaldagreiðslur stafa af undanskoti frá greiðsluskyldu til lífeyrissjóðsins.
- d. Ef rekja má sjúkdóma þá sem valda orkutapi sjóðfélaga svo langt aftur í tímann að nemi a.m.k. helmingi almanaksára frá lokum þess árs er sjóðfélagi náði 16 ára aldri til þess tíma er orkutap telst hafa orðið, skulu framreknuð verðtryggð réttindi aldrei reiknast meiri en þau verðtryggðu réttindi sem sjóðfélaginn hefur áunnið sér í lífeyrissjóðum fram að orkutapi.
- 13.7. Örorkulífeyrir er sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyrir og orkutapið er metið.
- 13.8. Örorkulífeyrir greiðist ekki fyrir fyrstu þrjá mánuðina eftir orkutap. Ekki er greiddur örorkulífeyrir ef orkutap hefur varað skemur en í sex mánuði.
- 13.9. Skylt er öryrkja sem sækir um örorkulífeyrir úr sjóðnum eða nýtur slíks lífeyris að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt og atvinnutekjur, sem nauðsynlegar eru til að meta rétt hans til lífeyris og ef nauðsynlegt er, gangast undir læknisskoðun hjá trúnaðarlæknii sjóðsins. Berist ekki fullnægjandi gögn og upplýsingar frá sjóðfélaga og hann sinnir ekki tilmælum sjóðsins þar að lútandi skal umsókn hans vísað frá. Heimilt er að fengnu álti trúnaðarlæknis að setja það skilyrði fyrir greiðslu örorkulífeyris, að sjóðfélagi fari í endurhæfingu, sem bætt gæti heilsufar hans. Endurmat á orkutapi skal fara fram að lokinni endurhæfingu.
- 13.10. Stjórn sjóðsins skal lækka eða fella niður örorkulífeyrir þeirra öryrkja sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber henni að hækka örorkulífeyrinn, ef örorkan vex til muna og án sjálfskaparvíta frá því sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi sjóðfélaginn á þeim tíma er örorkan óx ekki verið í starfi er veitti honum lífeyrisréttindi í öðrum lífeyrissjóði.
- 13.11. Hafi sjóðfélagi verið öryrki áður en hann hóf greiðslur í sjóðinn, er ekki um örorkulífeyrirsrétt úr þessum sjóði að ræða vegna þeirrar örorku og skipting réttinda sjóðfélaga í árslok 1983 milli hjóna eða sambýlisfólks, sbr. eldri lög um sjóðinn, skapar ekki rétt til örorkulífeyris fyrir maka sjóðfélags vegna örorku sem til var orðin fyrir árslok 1983.
- 13.12. Örorkulífeyrir fellur niður við lok þess mánaðar er 67 ára aldri er náð og eins ef starfsorka eykst eða tekjur aukast þannig að skilyrðum gr. 13.1. er ekki lengur fullnægt. Ellilífeyrir skal þá ákveðinn í samræmi við áunnin réttindi að viðbættum réttindum vegna:

-
- a. Framreiknaðra réttinda við úrskurð örorkulífeyris að frádregnum réttindum skv. c.-lið.
 - b. Aukningar- og skerðingarréttinda sem kann að hafa verið úthlutað eftir að taka örorkulífeyris hófst.
 - c. Réttinda í þessum eða öðrum sjóði sem örorkulífeyrisþeginn kann að hafa unnið sér inn eftir úrskurð örorku.

Til frádráttar ellilífeysi sjóðfélaga, þannig reiknuðum, skal síðan koma sá ellilífeyrir, sem hann hefur afsalað sér skv. gr. 12.7. (skipting ellilífeyrisréttinda).

14. Makalífeyrir.

- 14.1. Nú andast sjóðfélagi sem naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum eða greitt hafði iðgjald til hans í a.m.k. 24 mánuði á undanfarandi 36 mánuðum fyrir andlátið og a.m.k. í 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum fyrir andlátið og lætur eftir sig maka, og á þá hinn eftirlifandi maki rétt á lífeysi úr sjóðnum.
- 14.2. Óskertur makalífeyrir skv. gr. 14.7. er ætíð greiddur eftirlifandi maka í minnst 24 mánuði, enda hafi fjárfélagi ekki verið slitið fyrir andlátið.
- 14.3. Eftirlifandi maki fær þó ávallt greiddan makalífeysi þar til yngsta barn sem var á framfæri sjóðfélagans nær 18 ára aldri, enda sé það á framfæri makans.
- 14.4. Sé maki a.m.k. 50% öryrki skal greiddur makalífeyrir meðan sú örorka varir, enda sé eftirlifandi maki yngri en 67 ára.
- 14.5. Maki samkvæmt þessari grein telst sá eða sú sem við andlátið var í hjúskap með sjóðfélaga eða óvígðri sambúð, enda hafi fjárfélagi ekki verið slitið fyrir andlát sjóðfélagans. Með óvígðri sambúð er átt við sambúð tveggja einstaklinga sem skráð er í þjóðskrá enda eigi þeir barn saman, von á barni saman eða þá að sambúðin hefur verið skráð í tvö ár samfellt hið skemmta. Heimilt er að greiða makalífeysi til aðila sem hefur sannanlega annast heimili sjóðfélaga um árabil fyrir andlát hans. Réttur til makalífeyris fellur niður ef makinn gengur í hjónaband á ný, stofnar til sambúðar sem jafna má til hjúskapar, enda sé ekki kveðið á um annað í samþykktum sjóðsins.
- 14.6. Nú andast sjóðfélagi sem orðinn var sjóðfélagi fyrir árslok 1983 og skipti ekki réttindum þeim, er hann átti í sjóðnum í árslok 1983, með maka sínum, og á þá eftirlifandi maki rétt á lífeysi úr sjóðnum að loknum þeim greiðslutíma sem kveðið er á um í gr. 14.2. til æviloka. Slíkur réttur miðast þó einungis við áunnnin réttindi í sjóðnum í árslok 1983 án framreiknings.
- 14.7. Makalífeyrisréttindi eru hverju sinni 50% af elli- eða örorkulífeyrisréttindum sjóðfélagans, hvort sem gefur hærri rétt við fráfall. Veiti dauðsfallið hinum eftirlifandi maka jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum sjóði skal hann því aðeins fá lífeysi úr þessum sjóði vegna ókomins tíma að hann hafi síðast greitt iðgjöld til hans. Makalífeyrisréttindi skulu hverju sinni nema áunnum réttindum sjóðfélaga við úrskurð makalífeyris að viðbættum réttindum vegna:
 - a. Framreiknaðra réttinda sbr. gr. 13.5.

- b. Aukningar- eða skerðingarréttinda sem kann að hafa verið úthlutað eftir að taka makalífeyrir hófst.
- c. Hafi hinn látni notið örorkulífeyrir frá sjóðnum skal reikna réttindi frá þeim tíma er honum var veittur örorkulífeyrir og til þess tíma er makalífeyrir er veittur, allt að 65 ára aldri, í samræmi við ákvæði gr. 13.12., en síðan til 65 ára aldurs í samræmi við þau réttindi, sem lögð voru til grundvallar örorkulífeyrir.

15. Barnalífeyrir.

15.1.1. Nú andast sjóðfélagi og eiga þá börn hans og kjörbörn yngri en 18 ára rétt til barnalífeyris úr sjóðnum eins og nánar er kveðið á um í 15. grein, enda hafi hinn látni:

- a. Greitt iðgjöld til sjóðsins 24 af 36 síðustu mánuðum fyrir andlátið eða 6 mánuði af undanfarandi 12 eða
- b. Notið ellilífcyrис eða örorkulífeyris úr sjóðnum sem svarar til minnst 10.000 kr. á mánuði.

Við mat á því hvort framangreindum skilyrðum er fullnægt er sjóðstjórn rétt að taka mið af efnisreglu gr. 13.2. að breyttu breytanda.

15.1.2. Barnalífeyrir greiðist einnig með börnum sjóðfélaga, sem nýtur örorkulífeyris úr sjóðnum, enda séu þau fædd eða ættleidd fyrir orkutap eða á næstu 12 mánuðum þar á eftir. Ef örorka sjóðfélaga er metin lægri en 100% skal barnalífeyrir vera hlutfallslega lægri. Barnalífeyrir sem greiddur er vegna örorku sjóðfélaga fellur ekki niður þó að sjóðfélaginn nái ellilífeyrisaldri.

15.1.3. Hafi sjóðfélagi á viðmiðunartímabili skv. gr. 15.1.1. greitt iðgjald að meðaltali af mjög lágum iðgjaldsstofni, kr. 50.000 eða lægra, skal lækka barnalífeyrir hlutfallslega þar til hann falli niður hafi iðgjaldsstofn svarað til minna en helmings af ofangreindri viðmiðun. Með sama hætti skal lækka barnalífeyrir hlutfallslega með börnum eða örorkulífeyrisþega séu réttindi þeirra svo takmörkuð að lífeyrir sé lægri en kr. 20.000 á mánuði og falla greiðslur barnalífeyris niður sé eða örorkulífeyrir foreldris minni en kr. 10.000 á mánuði.

15.1.4. Veiti fráfall sjóðfélags börnunum jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum lífeyrissjóði skal lífeyrir úr þessum sjóði þó bundinn því skilyrði að sjóðfélaginn hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.

15.2. Fullur barnalífeyrir sem greiddur er með barni örorkulífeyrisþega er kr. 5.500 á mánuði. Barnalífeyrir sem greiddur er með hverju barni látins sjóðfélaga er kr. 7.500 á mánuði. Fjárhæðir þessar skulu breytast mánaðarlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs miðað við grunnvísitölu 173,5 stig.

15.3. Fósturbörn og stjúpbörn, sem sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, skulu eiga rétt á barnalífeyrir. Skulu lífeyrisgreiðslur sjóðsins vegna slíkra barna vera hinar sömu og vera myndu, ef um börn eða kjörbörn væri að ræða. Við



ættleiðingu barns með erlent ríkisfang, sem búsett er erlendis, skulu tímamörk samkvæmt þessari grein miðast við útgáfudag gildandi vilyrðis eða forsamþykkis dómsmálaráðuneytis í stað dagsetningar ættleiðingarleyfis.

- 15.4. Barnalífeyrir greiðist til 18 ára aldurs barnsins, til framfæranda þess enda séu báðir foreldrar á lífi. Að öðrum kosti greiðist lífeyririnn til barnsins sjálfs. Á því almanaksári sem barnið nær 16 ára aldri á það rétt á að fá barnalífeyrinn greiddan á sínu nafni til 18 ára aldurs.

16. Iðgjaldagreiðslur falla niður.

- 16.1. Nú hættir bóndi búskap eða launagreiðslur til sjóðfélaga falla niður vegna veikinda, og ávinnur hann sér þá ekki réttindi meðan svo stendur. Tímabil er iðgjaldagreiðslur hafa sannanlega fallið niður af þessum ástæðum, reiknast ekki með, þegar úrskurða skal hvort skilyrði um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt.
- 16.2. Réttur til elli-, örorku- og makalífeyris fellur ekki niður þótt sjóðfélagi hætti iðgjaldagreiðslu. Rétturinn miðast þá einungis við áunnin geymd réttindi, sbr. þó gr. 16.1.

17. Endurgreiðsla iðgjalda.

- 17.1. Heimilt er að endurgreiða iðgjöld til erlendra ríkisborgara, þegar þeir flytjast úr landi, enda sé slíkt ekki óheimilt samkvæmt milliríkjasamningum, sem Ísland er aðili að. Heimilt er að draga frá endurgreiddu iðgjaldi að viðbættum vöxtum kostnað vegna tryggingaverndar, sem sjóðfélaginn hefur notið, og kostnað vegna umsýslu samkvæmt mati tryggingafræðings. Óheimilt er að endurgreiða iðgjöld ríkisborgara annarra ríkja Evrópska efnahagssvæðisins (EES). Við endurgreiðslu til sjóðfélaga samkvæmt þessari grein falla niður allar kröfur viðkomandi sjóðfélaga á hendur sjóðnum vegna hinna endurgreiddu iðgjalda.
- 17.2. Af iðgjöldum skv. gr. 10.1., sem sjóðnum eru greidd vegna manna, sem ekki eru sjóðfélagar sbr. gr. 4.2. eða 4.7., manna sem eru yngri en 16 ára og þeirra sem náð hafa 70 ára aldri sbr. gr. 10.1.5., 10.1.6. ef við á, 10.2.1. og 11.4. skal sjóðurinn endurgreiða viðkomandi sjóðfélaga iðgjaldahluta sinn og launagreiðendum og sjálfstæðum atvinnurekendum það mótframlag, er þeir hafa innt af hendi til sjóðsins vegna þessara aðila. Skulu slíkar endurgreiðslur eiga sér stað eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

18. Flutningur réttinda - Samningar um gagnkvæm réttindi o.fl.

- 18.1. Að öðru leyti en greinir í 17. gr. er einungis heimilt að endurgreiða iðgjöld í því skyni að kaupa lífeyrisréttindi fyrir viðkomandi einstakling í öðrum lífeyrissjóði sem nýtur viðurkenningar fjármálaráðuneytisins. Óheimilt er að flytja iðgjöld með þessum hætti milli lífeyrissjóða fyrr en að töku lífeyris kemur.
- 18.2. Heimilt er stjórn sjóðsins að gera samninga við aðra lífeyrissjóði um tilhögun réttindafutnings o.fl. Í slíkum samningum má víkja frá biðtíma og bótaákvæðum samþykkta þessara í því skyni að koma í veg fyrir niðurfall réttinda, þegar



sjóðfélagi skiptir um starf, og tvítryggingu réttinda, sem ekki miðast við liðinn iðgjaldagreiðslutíma. Ennfremur er þar heimilt að ákveða að sjálfstæð réttindi í einstökum sjóðum skuli samanlagt ekki vera meiri en heildarréttindin myndu verða hjá einum og sama sjóði. Slíkir samningar eru þó ekki bindandi fyrir sjóðinn fyrr en þeir hafa hlotið staðfestingu fjármálaráðuneytisins.

19. Tilhögun lífeyrisgreiðslna - verðtrygging viðmiðunarfjárhæða.

- 19.1. Lífeyrisgreiðslur úr sjóðnum eru ákvarðaðar á grundvelli umsóknar, undirritaðrar af umsækjanda, á umsóknareyðublöðum frá sjóðnum. Skylt er umsækjanda að láta sjóðnum í té allar upplýsingar sem honum eru nauðsynlegar til að ákvarða lífeyri í samræmi við réttindi sjóðfélagsans samkvæmt samþykktum þessum. Láti umsækjandi sjóðnum ekki í té tilskildar upplýsingar er honum rétt að vísa umsókn frá. Þá er lífeyrisþegum skylt að upplýsa sjóðinn um breytingar á högum sínum að því marki sem þær kunna að hafa áhrif á rétt til greiðslu lífeyris eða fjárhæð hans. Þessi atriði skulu tiltekin í tilkynningu til umsækjanda um ákvörðun lífeyris og á lífeyrisyfirlitum. Réttur til lífeyris fellur niður við andlát rétthafa.
- 19.2. Það getur varðað réttindamissi ef umsækjandi um lífeyri leggur vísvitandi fram rangar upplýsingar, sem til þess eru fallnar að auka lífeyrisgreiðslur honum til handa umfram það sem hann á rétt á. Ennfremur ef lífeyrisþegi vísvitandi leynir sjóðinn breytingum á aðstæðum, sem áhrif hafa á rétt til lífeyris.
- 19.3. Lífeyrir greiðist mánaðarlega eftir á, í fyrsta sinn fyrir næsta mánuð eftir þann mánuð, er lífeyrisréttur myndaðist, og síðasta sinn fyrir þann mánuð, er réttur til lífeyris fellur úr gildi. Aldrei skal þó sjóðstjórn skylt að úrskurða lífeyri lengra aftur í tímann en tvö ár, reiknuð frá byrjun mánaðar, er umsókn berst sjóðnum. Úrskurður samkvæmt þessu skal þá miðast við réttindareglur eins og þær hafa verið á umræddu tímabili og lífeyrir samkvæmt verðlagi hvers tímabils. Við frestun á töku ellilífeyris skal miðað við að greiðslur hefjist í byrjun næsta mánaðar eftir að umsókn berst sjóðnum, nema aðrar óskir komi fram í umsókn. Um frestun réttinda eftir 67 ára aldur fer skv. gr. 12.4. Vextir greiðast ekki á lífeyrisgreiðslur.
- 19.4. Nú nær lífeyrisgreiðsla ekki fjárhæð, er svarar til a.m.k. 2.500 króna á mánuði og fyrirsjáanlegt er, að um sameiningu við önnur réttindi verður ekki að ræða, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að inna greiðsluna af hendi í einu lagi samkvæmt reglum í samræmi við tillögur tryggingafræðings.
- 19.5. Þar sem samþykktir þessar tilgreina fjárhæðir í krónum talið, miðast verðgildi þeirra við gildi vísitölu neysluverðs 230 og skulu fjárhæðir endurreiknaðar mánaðarlega í samræmi við breytingar á vísitölunni, nema annað sé tekið fram í viðkomandi grein.

20. Tilgreind séreign. Samningur – endurgreiðsla.

- 20.1. Launþegum og aðilum sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi er heimilt að ráðstafa iðgjaldi af iðgjaldsstofni umfram 12% í tilgreinda séreign. Samkvæmt gr. 4.10. í samþykktum sjóðsins og lögum nr. 129/1997 um



Lífeyrissjóði er stjórn sjóðsins heimilt að semja við aðila sem uppfylla skilyrði 3. mgr. 8. gr. nefndra laga um rekstur tilgreindrar séreignar.

- 20.2. Þeir, sem óska eftir að ráðstafa hluta af iðgjaldi í tilgreinda séreign skulu tilkynna það til sjóðsins með sannanlegum hætti eftir þeim reglum sem sjóðurinn setur í samræmi við ákvæði gildandi laga og reglugerða. Sjóðfélagar geta með sama hætti tilkynnt um að þeir óski þess að láta af greiðslum til tilgreindrar séreignar að hluta eða fullu og rennur iðgjaldið þá eftirleiðis til samtryggingardeildar eða annað samkvæmt tilkynntri ákvörðun sjóðfélaga í samræmi við ákvæði gildandi laga og reglugerða.
- 20.3. Lífeyrissjóðurinn skal gera breytingar á ráðstöfun iðgjalds til samræmis við tilkynnta ákvörðun sjóðsfélaga, eins flijótt og kostur er og eigi síðar en innan tveggja almanaksmánaða frá því að tilkynning berst með sannanlegum hætti. Ákvörðun um breytingu á ráðstöfun iðgjalds til framtíðar hefur ekki áhrif á þegar ráðstafað iðgjald.
- 20.4. Inneign rétthafa í tilgreindri séreign greiðist út samkvæmt eftirfarandi reglum:
 - 20.4.1 Sjóðfélaga er heimilt að hefja úttekt úr tilgreindri séreign frá 62ja ára aldri og skulu greiðslur þá dreifast að lágmarki á þann tíma sem hann á eftir fram að 67 ára aldri. Óski rétthafi þess er heimilt að víkja frá fyrrgreindum endurgreiðslutíma ef innstæðan er undir 500.000 kr. Viðmiðunarþáð þessi breytist árlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs miðað við grunnvísitölu 173,5 stig.
 - 20.4.2. Verði rétthafi öryrki og orkutapið sem hann verður fyrir er metið 100% af trúnaðarlækni sjóðsins á hann rétt að fá inneign sína í tilgreindri séreign greidda út með jöfnum árlegum greiðslum á sjö árum. Nú er örorkuprósentan lægri en 100% og lækkar þá árleg útborgun í hlutfalli við lækkun örorkuprósentunnar og úttektartíminn lengist samsvarandi. Óski rétthafi þess er heimilt að víkja frá fyrrgreindum endurgreiðslutíma ef innstæðan er undir 500.000 kr. Viðmiðunarþáð þessi breytist árlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs miðað við grunnvísitölu 173,5 stig.
 - 20.4.3. Við andlát rétthafa, sem áinneign á séreignarrekningi í tilgreindri séreign, greiðist inneign hans til erfingja hans og skiptist milli þeirra eftir reglum erfðalaga um lögerfðir.
- 20.5. Rétthöfum er óheimilt að framselja, veðsetja eða ráðstafa á annan hátt innstæðu eða réttindum í tilgreindri séreignardeild nema slíkt sé sérstaklega heimilað skv. lögum nr. 129/1997.

21. Skyldur sjóðfélaga

- 21.1. Skylt er sjóðfélaga að tilkynna stjórn sjóðsins skriflega og án tafar ef hann stofnar til hjúskapar eða skilur við maka sinn. Getur sjóðstjórn krafist vanskilavaxta samkvæmt ákvæðum vaxtalaga ef iðgjöld hafa ekki verið innheimt sökum þess að tilkynning um hjúskap hefur ekki borist henni. Skilnaður að borði og sæng telst jafngilda lögskilnaði.

- 21.2. Upphaf sjóðsaðildar vegna óvígðrar sambúðar, sbr. gr. 14.5., og skyldur þær og réttindi sem af henni leiða og fram koma í samþykktum þessum, miðast við þann tíma sem hún hefur verið tilkynnt til Hagstofu Íslands. Úrganga úr sjóðnum vegna slita á óvígðri sambúð og brottafall slíkra réttinda og skyldna er af því leiða, miðast við afskráningu sambúðar hjá Hagstofu Íslands.
- 21.3. Við slit hjúskapar eða óvígðrar sambúðar, sem tilkynnt var til sjóðsins samkvæmt eldri lögum, skal áunnum réttindum sjóðfélaga, þau ár sem hjónabandið eða sambúðin stóð fram til ársloka 1983, skipt að jöfnu, hafi þeim ekki áður verið skipt samkvæmt ákvæðum eldri laga um sjóðinn. Í slíkum tilvikum skal þegar úrskurðuðum ellilífeyrir samkvæmt réttindum fyrir það tímabil skipt að jöfnu. Örorkulífeyrir sem úrskurðaður hefur verið samkvæmt framangreindum réttindum skal hækkaður eða lækkaður, eftir því sem við á, sem svarar til þeirra réttinda sem makanum verða reiknuð.
- 21.4. Skylt er sjóðfélaga að tilkynna sjóðstjórn skriflega og án tafar þær breytingar er verða á högum hans, maka eða sambúðaraðila og varða sjóðinn á nokkurn hátt.

22. Bann við framsali og veðsetningu lífeyris.

- 22.1. Réttur til lífeyris verður hvorki af hendi láttinn né veðsettur.

23. Málsmeðferð og gerðardómur.

- 23.1. Um málsmeðferð í ágreiningsmálum sjóðfélaga gagnvart lífeyrissjóðnum gilda ákvæði stjórnsýslulaga nr. 37/1993 eftir því sem við á, svo sem um birtingu ákvörðunar, rökstuðning og enduruptöku.
- 23.2. Vilji sjóðfélagi ekki una úrskurði sjóðstjórnar í máli, er hann hefur skotið til hennar, getur hann vísað málínus til gerðardóms innan þriggja mánaða frá því tilkynnt var um úrskurðinn. Gerðardómurinn skal skipaður þremur mönnum, einum tilnefndum af sjóðfélaga, einum af lífeyrissjóðnum og oddamanni tilnefndum af Fjármálaeftirlitinu. Gerðardómurinn skal úrskurða í málinu á grundvelli þeirra krafna, sönnunargagna, málsástæðna og annarra upplýsinga sem lágu fyrir sjóðstjórn er hún tók ákvörðun um málið. Komi fram nýjar kröfur, sönnunargögn og málsástæður við meðferð málsins fyrir gerðardómi, skal málinu vísað aftur til sjóðstjórnar til enduruptöku. Sjóðstjórn er þá skylt að taka málið upp að nýju til úrskurðar. Úrskurður gerðardómsins er bindandi fyrir báða aðila. Málskostnaði skal skipt milli málsaðila eftir mati dómsins, en þó skal sjóðfélagi ekki greiða meira en 1/3 málskostnaðar. Um málsmeðferð fyrir gerðardómnum fer að öðru leyti samkvæmt lögum um samningsbundna gerðardóma.

24. Eftirlit.

- 24.1. Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi lífeyrissjóðsins í samræmi við lög nr. 129/1997 og lög nr. 87/1998.



25. Breytingar á samþykktum.

- 25.1. Tillögur sjóðfélaga um breytingar á samþykktum þessum má því aðeins taka fyrir, að þær hafi borist stjórn sjóðsins a.m.k. fyrir 15. janúar ár hvert. Stjórn sjóðsins skal minnst tveimur vikum fyrir ársfund senda stjórn Bændasamtaka Íslands tillögur um breytingar á samþykktum til kynningar. Sama gildir um tillögur stjórnar um breytingar á samþykktum. Miði tillaga að aukningu réttinda, sem ætla má að haft geti áhrif á getu sjóðsins til greiðslu lífeyris, skal sjóðstjórn afla tryggingafræðilegs álits á afleiðingum breytingarinnar á gjaldhæfi sjóðsins. Feli breytingartillaga í sér aukningu lífeyrisréttinda, samkvæmt áliti tryggingafræðings, umfram það sem fjárhagur sjóðsins leyfir og þannig að hann fullnægi þá ekki lágmarkskröfum samkvæmt lögum nr. 129/1997 með síðari breytingum, skal henni vísað frá ársfundi og þeim sem tillöguna flutti tilkynnt um það. Tillögurnar skulu kynntar á ársfundi og skal þeirra getið í fundarboði. Ennfremur skulu þær liggja frammi á skrifstofu sjóðsins í tvær vikur fyrir ársfund og það auglýst þannig að sjóðfélögum gefist kostur á að koma að athugasemdum á ársfundi.
- 25.2. Breytingar á samþykktum þessum, sem kynntar hafa verið á ársfundi, skulu tekna fyrir á næsta fundi stjórnar sjóðsins. Þær öðlast því aðeins gildi að þær hafi verið samþykktar af einföldum meirihluta stjórnarmanna og gildir jafn atkvæðisréttur. Breytingar skulu hljóta staðfestingu fjármálaráðuneytis.
- 25.3. Stjórn sjóðsins er heimilt að gera breytingar á samþykktum þessum án þess að kynna þær fyrir stjórn Bændasamtaka Íslands eða bera þær undir ársfund, ef þær leiða af ófrávíkjanlegum ákvæðum laga eða reglugerða. Breytingar sem gerðar eru með slíkri heimild skulu kynntar formlega á næsta ársfundi sjóðsins.

26. Gildistaka.

- 26.1. Samþykktir þessar með breytingum sem kynntar voru á aukaársfundi 28. september 2018 og koma í stað fyrri samþykktta frá 9. júní 2017. Samþykktirnar gilda frá og með 1. október 2018 að fenginni staðfestingu fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Þó skal grein 12.3 taka gildi frá 1. september 2018.



Ákvæði til bráðabirgða.

Núverandi stjórn og varastjórn skulu starfa áfram þar til endurnýjun í samræmi við gr. 5.1. í samþykktum þessum hefur átt sér stað. Einn stjórnarmaður skal kosinn á ári, í fyrsta sinn á ársfundi sjóðsins 2019, þó þannig að fjórða hvert ár skulu þeir vera tveir sbr. nánar gr 5.1. í samþykktum þessum.

Sjóðfélagar sem hafa hafið töku ellilífeyris við gildistöku ákvæðis 12.3., geta hafið töku ellilífeyris í 50% hlutfalli fram til 1. janúar 2020 og skal tryggingastærðfræðingur sjóðsins meta sérstaklega áhrif frestunar- og/eða flýtingar á fjárhæð lífeyris enda gilda ekki ákvæði 12.2., og 12.4., í slíkum tilvikum.

Reykjavík, 28. september 2018

Í stjórn Lífeyrissjóðs bænda

Skúli Bjarnason
formaður

Órn Bergsson

Vigdís M. Sveinbjörnsdóttir

Guðrún Lárusdóttir

Sara Lind Guðbergsdóttir

Viðauki A – Réttindatöflur.

Viðauki B – Breytingar á áunnum lífeyrisréttindum.

FÍARVALLA- OG EFNAHAGSPLATIN
SÍDUNARBYLDETTIR
Staðfestir samþykktir
Dags. 27/11/2019
P.h.r.

Samþykktir Lífeyrissjóðs bænda 28. september 2018



VIÐAUKI A

Réttindatöflur Lífeyrissjóðs bænda. Gilda frá og með 1. júlí 2017

TAFLA I. Árleg lífeyrisréttindi

fyrir hvert 10.000 króna iðgjald, sem sjóðfélagi greiðir á hverju aldursári.

Aldur	Lífeyris-réttindi								
16	2928	17	2789	18	2658	19	2543	20	2425
21	2322	22	2226	23	2135	24	2051	25	1972
26	1898	27	1829	28	1764	29	1704	30	1647
31	1594	32	1545	33	1499	34	1456	35	1416
36	1378	37	1343	38	1309	39	1278	40	1248
41	1219	42	1191	43	1165	44	1138	45	1113
46	1088	47	1063	48	1039	49	1016	50	992
51	970	52	948	53	926	54	906	55	886
56	867	57	849	58	832	59	816	60	801
61	787	62	772	63	759	64	737	65	733
66	702								

Jöfn réttindaávinnsla: 1.194

TAFLA II. Lækkun ellilífeyris þegar taka lífeyris hefst fyrir 67 ára aldur.

Breyting í % fyrir hvern mánuð sem töku lífeyris er flýtt – breyting sýnd miðað við lífeyrisrétt við 67 ára aldur (réttindi áunnnin skv. töflu I).

Aldur:	Lækkun á mánuði:	Aldur:	Lækkun á ári:	Aldur:	Lækkun alls:
65-66	0,56%			67,72%	6,72%
66-67	0,61%			7,32%	14,04%

TAFLA III. Hækkun ellilífeyris þegar taka lífeyris hefst eftir 67 ára aldur.

Breyting í % fyrir hvern mánuð sem töku lífeyris er seinkað – breyting sýnd miðað við lífeyrisrétt við 67 ára aldur (réttindi áunnnin skv. töflu I).

Aldur:	Lækkun á mánuði:	Aldur:	Lækkun á ári:	Aldur:	Lækkun alls:
67-	0,65%	68	7,80%	68	7,80%
68-	0,72%	69	8,64%	69	16,44%
69-	0,81%	70	9,72%	70	26,16%
70-	0,82%	71	9,84%	71	36,00%
71-	0,92%	72	11,04%	72	47,04%
72-	1,04%	73	12,48%	73	59,52%
73-	1,18%	74	14,16%	74	73,68%
74-	1,35%	75	16,20%	75	89,88%
75-	1,55%	76	18,60%	76	108,48%
76-	1,79%	77	21,48%	77	129,96%
77-	2,08%	78	24,96%	78	154,92%
78-	2,44%	79	29,28%	79	184,20%
79-	2,88%	80	34,56%	80	218,76%

**TAFLA IV. Árleg lífeyrisréttindi
fyrir hvert 10.000 króna iðgjald, sem greitt er á hverju aldursári frá 67 til 69 ára.**

Réttindi áunnin eftir 67 ára aldur.

Aldur þegar réttinda er aflað

Réttindi miðast við að taka lífeyris hefjist í enda aldursárs

67	68	69
718	744	772

Hækkun

pr. mán

við frestun

á aldri

68-	0,67%
69-	0,75%
70-	0,82%
71-	0,92%
72-	1,04%
73-	1,18%
74-	1,35%
75-	1,55%
76-	1,79%
77-	2,08%
78-	2,44%
79-	2,88%

68-	0,67%	0,70%
69-	0,75%	0,71%
70-	0,82%	0,79%
71-	0,92%	0,90%
72-	1,04%	1,02%
73-	1,18%	1,16%
74-	1,35%	1,34%
75-	1,55%	1,54%
76-	1,79%	1,80%
77-	2,08%	2,10%
78-	2,44%	2,49%

Forsendur:

Réttindi fyrir jafna réttindaöflun er kr. 1.194 fyrir hvert 10.000 króna iðgjald. Lágmarksréttindaöflun miðast við 12% iðgjald og greiðslutíma 25-64 ár. Vextir 3,5% á ári. Dánarlíkur: Íslenskar dánarlíkur miðað við reynslu áranna 2010-2014. Örorkulíkur: Íslenskar örorkulíkur miðað við reynslu áranna 1998-2002 (90%). Kynjahlutfall: 60% karla / 40% kvenna.



VIÐAUKI B

Breytingar á áunnum lífeyrisréttindum

Yfirlit um sérstakar breytingar á áunnum lífeyrisréttindum sjóðfélaga í Lífeyrissjóði bænda, samþykktar af stjórn sjóðsins skv. gr. 7.3. í samþykktunum og 2. mgr. 39. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða:

Þann 8. júní 2012 samþykkti stjórn sjóðsins tillögu um 10% lækkun áunninna lífeyrisréttinda sjóðfélaga í sjóðnum á árinu 2011 og fyrr. Lækkunin var færð sem lækkun á áunninni skuldbindingu í réttindakerfi sjóðsins í desember 2011 og öðlast gildi við greiðslu lífeyris frá og með októbermánuði 2012. Réttindatöflur breytast og tóku nýju töflurnar gildi 1. október 2012.